



279. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 21. ágúst 2019 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri og Ingi Þór Ágústsson.

Forseti var fjarverandi vegna annarra verkefna þar til í lið átta og stýrði Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti fundinum þar til forseti tók við.

#### Dagskrá:

##### 1. Ólympísk málefni

Framkvæmdastjóri skýrði frá samningaviðræðum við Tama City í Japan sem gestgjafa fyrir æfingabúðir fyrir íslensku keppendurna á Ólympíuleikunum í Tókýó. Tama City er nágrannasveitarfélag Tókýóborgar, í aðeins klukkustundar akstursfjarlægð frá miðborg Tókýó og aðstæður þar til íþróttaiðkunar eru góðar. Samningurinn er afar hagstæður fyrir ÍSÍ. Stefnt er að undirritun um næstu helgi í Tókýó í tengslum við fararstjórafund.

Framkvæmdastjóri skýrði einnig frá samkomulagi við kínverska íþróttavöruframleiðandann PEAK um framleiðslu fatnaðar fyrir íslenska Ólympíuhópinn fyrir leikana 2020. Samningurinn er afar hagstæður fyrir ÍSÍ.

ÍSÍ, ásamt öðrum Ólympíunefndum sem munu klæðast fatnaði frá fyrirtækinu, munu hafa samráð um gæðaeftirlit á framleiðslutímanum.

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagraðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins. Meðlimir fagraðsins hafa skipt sérsamböndunum á milli sín og framundan eru samráðsfundir með samböndunum.

*EYOF 2019 í Baku*

Hátíðin gekk vel og árangur keppenda var ágætur.

*Heimsstrandarleikar ANOC*

Ein íslensk íþróttakona vann sér inn keppnisrétt í tvíþraut en í samráði við Þríþrautarsamband Íslands og viðkomandi íþróttamann var sætið afþakkað.

*Vetrarólympíuleikar ungmenna Lausanne 2020*

Framundan er fararstjórafundur sem Örvar Ólafsson mun sækja.

##### 2. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagraðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum sviðsins. Fagraðið, ásamt starfsmönnum sviðsins, sækja norrænan fund um fyrirtækjaíþróttir í næstu viku.

Göngum í skólann og Hjólað í skólann hefjast í september og stefnir í ágæta þátttöku í þeim verkefnum. #BeActive dagurinn verður í Laugardalnum 7. september nk. og þar verður boðið upp á margvíslega viðburði tengdum hreyfingu og Íþróttavika Evrópu verður formlega síðar í mánuðinum.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins næstu vikunnar. Það stefnir í annasamt haust með spennandi fræðsluviðburðum. Má þar nefna stjórnendanámskeið fyrir íþróttahreyfinguna, 4. ráðstefnu Sýnum karakter og vinnustofur í tengslum við hana, Ólympíuhlaupið, opinn fund fyrir foreldra í íþróttahreyfingunni í samvinnu við HR og KSÍ o.fl.

Viðurkenningin Fyrirmyndarhérað ÍSÍ var afhent til forráðamanna USVH við hátíðlega athöfn 26. júlí sl. og hafa þá þrjú héruð hlotið gæðavottunina. Það var Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti sem afhenti viðurkenninguna fyrir hönd ÍSÍ. Þrjú héruð til viðbótar eru í lokaundirbúningi fyrir vottun.

Rætt var um verkefni vinnuhópa sem eru í umsjón sviðsins og áskoranir sem þeim fylgja.

### 3. Skipan nefnda

Eftirfarandi aðilar staðfestir til viðbótar inn í áður samþykktu vinnuhópa:

- **Vinnuhópur um gístiaðstöðu á landsbyggðinni:**  
*UMFÍ – Lárus B. Lárusson*
- **Vinnuhópur um skráningakerfi íþróttahreyfingarinnar:**  
*Gunnar Einarsson*  
*Kristín Jónasdóttir*
- **Vinnuhópur um rafleiki:**  
*Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir*  
*Margrét Lilja Guðmundsdóttir*

### 4. Samskiptaráðgjafi

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefði auglýst eftir aðila til að hýsa samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsmálum. Nokkrar umræður urðu um málið. Samþykkt að senda ráðuneytinu bréf og koma á framfæri skoðun stjórnar að hvorki ÍSÍ né önnur félagasamtök sem samskiptaráðgjafinn á að þjónusta hýsi starfsemina.

### 5. Formannafundur ÍSÍ

Rætt um heppilega dagsetningu Formannafundar ÍSÍ. Samþykkt að halda fundinn föstudaginn 29. nóvember nk. í Laugardalshöll. Rætt um mögulegan óformlegan fund íþróttahéraða í tengslum við fundinn.

Flestir vinnuhópar, sem skipaðir voru í kjölfar Íþróttapings, þurfa að skila stöðuskýrslu á fundinum.

### 6. Tilnefning ÍSÍ í vinnuhóp Íslenskra getrauna vegna markaðsherferðar á samfélagsmiðlum, gegn hagræðingu úrslita

Íslenskar getraunir óska eftir tilnefningu ÍSÍ á fulltrúa í vinnuhóp Getrauna vegna markaðsherferðar á samfélagsmiðlum, gegn hagræðingu úrslita.

Samþykkt að tilnefna Ragnhildi Skúladóttur, sviðsstjóra Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ í vinnuhópinn.

### 7. Nordic Sports Meeting 2019

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning fyrir Nordic Sports Meeting 2019 sem haldinn verður 13. - 15. september á Hótel Örk, Hveragerði. Þátttakendur á fundinum verða um 40 talsins og til viðbótar verða 16 þátttakendur á fundi norrænna íþróttasambanda fatlaðra. Báðir þessir hópar funda sameiginlega um nokkur dagskrárefni.

## 8. Breytt fyrirkomulag varðandi fundi framkvæmdaráðs ÍSÍ

Forseti skýrði frá tillögu að breyttu fyrirkomulagi varðandi fundi framkvæmdaráðs ÍSÍ. Stefnt er að því að funda einungis einu sinni í mánuði en þess á milli afgreiðir skrifstofa erindi sem ekki þarf að ræða sérstaklega um á slíkum fundum. Yfirlit yfir erindi og afgreiðslu mála verður sent reglubundið með tölvupósti til meðlima framkvæmdaráðs til upplýsingar.

## 9. Heiðranir

Rætt um heiðranir í tengslum við viðburði sem framundan eru. Engar tilnefningar liggja fyrir frá sambandsaðilum.

## 10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:

- 278. fundur framkvæmdastjórnar
- 10. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ

Dominiqua Alma skýrði stuttlega frá norrænum fundi sem hún, sem formaður Íþróttamannanefndar ÍSÍ, og Jakob Jóhann Sveinsson sóttu á vegum Sænsku Íþróttamannanefndarinnar.

## 11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## 12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Áætlað er að næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verði 27. september, 22. október, 28. nóvember og 12. desember.

## 13. Önnur mál

### *Fjármálaupplýsingar*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu reksturs ÍSÍ. Nokkur verkefni hafa dregið til sín meira fjármagn heldur en áætlað var en reksturinn er í góðu jafnvægi.

### *Þjálfarastyrkir Verkefnasjóðs ÍSÍ*

Samþykkt að auglýsa þjálfarastyrki til umsóknar.

### *Aðalfundur Lyfjæftirlits Íslands*

Fyrsti aðalfundur Lyfjæftirlits Íslands (LÍ) fór fram í gær, 20. ágúst, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Framkvæmdastjóri sótti fundinn og skýrði hún frá því helsta úr starfi LÍ.

### *Viðurkenning ÍSÍ á SKÍ sem sérsambandi fyrir skíðaskotfimi (biathlon)*

Á síðasta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ var tekið fyrir erindi SKÍ þar sem óskað var eftir staðfestingu frá ÍSÍ um SKÍ sem sérsamband fyrir skíðaskotfimi (biathlon). Ákvörðuninni var þá frestað á meðan leitað var frekari upplýsinga frá aðilum. Þegar þær upplýsingar lágu fyrir þá var málið borið undir framkvæmdastjórn ÍSÍ í gegnum tölvupóst og samþykkt að staðfesta SKÍ sem sérsamband fyrir íþróttina.

### *Afrit af bréfi Umboðsmanns barna til GSÍ vegna áfengisauglýsinga*

Lagt fram afrit af bréfi Umboðsmanns barna til GSÍ vegna áfengisauglýsinga.

*Ferð starfsfólks til Berlínar*

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirhugaðri ferð á vegum starfsmannafélags starfsfólks ÍSí til Berlínar 19.-22. september nk.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.